

Börkur Sigurbjörnsson

Norðan nokkurs staðar

örsaga



Urban Volcano

Norðan nokkurs staðar

Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2024


<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



NORÐAN NOKKURS STAÐAR

Ég sit við gluggann og horfi út í myrkrið. Tignarlegur fjallgarðurinn gnæfir yfir þorpinu eins og konungur sem situr í háseti sínu og virðir fyrir sér ríki sitt. Ég gýt augum á klukkuna sem hangir á stofuveggnum, sveiflandi pendúl sínum fram og til baka, teljandi sekúndurnar af mikilli þolinmæði, jafnframt því sem hún sendir endalausa þulu af tikki og takki um annars hljóða stofuna. Hádegi nálgast og hópur fiðrilda losnar úr magahólfi djúpt í iðrum mér. Þau breiðist um allan líkamann og blaka kitlandi vængjum sínum. Ég beini sjónum mínum að fjallinu. Bíð. Og stari út í skuggann.

Það er þreytandi að góna út í geiminn á þess að blikka, en ég er einbeittur, viss um að þrautseigja mín muni á endanum borga sig. Og það gerir hún. Hlutir gerast. Allt í einu. Örlítil sólarbjarmi brýst upp fyrir fjallsbrúnina og glitrar eins djásn á höfðinglegri kórónu. Ég horfi á krýningarathöfn konungs okkar, opinmynntur, numinn af fegurð augnabliksins.

Gjörningurinn varir þó ekki lengi, og áður en ég veit af, hefur ljósið fjarð út og skilið mjóan fjörðinn eftir umvafinn því sama dimma skuggalíni og hefur hulið hann síðustu mánuði.

En pabbi hafði haft rétt fyrir sér.

Þegar ég spurði hann í desember hvert sólin hefði farið, sagði hann hana dvelja handan fjallsins. Þegar ég spurði hann hvort hún kæmi nokkurn tímann aftur, sagði hann afdráttarlaust, já, þann átjándan janúar, rétt eftir hádegi. Þegar ég spurði hann hvers vegna hún hefði yfirgefið okkur, sagði hann það vera vegna þess að við byggjum á heimsenda—norðan nokkurs staðar. Rödd hans var svo döpur að ég ákvað að spyrja ekki frekari spurninga, heldur ákvað að bíða, eins þolinmóður og ég mögulega gat, eftir að nýja árið kæmi, og ég gæti sannreynt orð hans með mínum eigin augum.

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano